



Ársskýrsla Reykjavíkurborgar í barnavernd 2023



ÁRSSKÝRSLA REYKJAVÍKURBORGAR Í BARNAVERND 2023

Ábyrgðaraðili:

Elísa Ragnheiður Ingólfssdóttir, framkvæmdastjóri

Barnavernd Reykjavíkur

Ármúla 4

108 Reykjavík

411-9200

barnavernd@reykjavik.is

Hönnun & umbrot: NØR Station / www.norstation.com

EFNISYFIRLIT

1 / Um barnavernd Reykjavíkur	4
2 / Tölfræði ársins 2023	7
3 / Teymin	10
4 / Fjölskyldu- og vistheimili á vegum Barnaverndar Reykjavíkur	16
5 / Stoðþjónusta	19



#1

Um Barnavernd Reykjavíkur 2023



Um Barnavernd Reykjavíkur 2023

Í ársskýrslu Barnaverndar Reykjavíkur er varpað ljósi á starfsemi stofnunarinnar árið 2023. Hér má finna tölur og staðreyndir um starfsemi Barnaverndar sem vonandi nýtast til faglegrar og uppbyggilegrar umræðu um barnaverndarstarf. Fjallað er um sérhæfingu teyma, lykiltölur, helstu áherslur í starfinu, helstu samstarfsaðila auk annarra mikilvægra þátta í starfinu.

Barnavernd Reykjavíkur tilheyrir velferðarsviði Reykjavíkurborgar og heyrir almenn stjórnarsýsla barnaverndarþjónustu í Reykjavík undir Velferðarráð. Úrskurðarvald í einstökum málum hvílir hjá Umdæmisráði Barnaverndar Reykjavíkur sem tók til starfa þann 1. janúar 2023. Nánar verður fjallað um Umdæmisráð í kaflanum um störf lögfræðiteymis Barnaverndar Reykjavíkur.

Hlutverk Barnaverndar Reykjavíkur er að aðstoða börn og fjölskyldur í alvarlegum vanda til að tryggja velferð og öryggi þeirra. Þetta er gert með því að veita stuðning og ráðgjöf með fjölbreyttum og faglegum lausnum og úrræðum.

Hjá Barnavernd Reykjavíkur starfa um 60 manns í 58 stöðugildum. Starfsemin skiptist upp í fimm teymi með ólíka sérhæfingu þar sem málavinnsla fer fram. Að auki gegna stöðþjónustuteymin stóru hlutverki en þau eru rekstrar- og þjónustuteymi, lögfræðiteymi og sálfræðiteymi. Nánar verður fjallað um hvert teymi fyrir sig síðar í ársskýrslunni. Einnig er fjallað um fjölskyldu- og vistheimili á okkar vegum enda gegna þau mikilvægu hlutverki.

Barnavernd Reykjavíkur er stýrt af framkvæmdastjórn. Frá árinu 2021 hefur verið lagt upp með að framkvæmdastjórn sé skipuð bæði félagsráðgjafa og lögfræðingi. Framan af árinu 2023 var starfandi framkvæmdastjóri lögfræðingur og skrif-

stofustjóri félagsráðgjafi. Í ágúst þetta ár lét þáverandi framkvæmdastjóri af störfum og ráðinn var félagsráðgjafi sem framkvæmdastjóri og tók þá við ráðningarferli á skrifstofustjóra. Auglýst var eftir lögfræðingi í það starf.

Í stjórnendateymi sitja auk framkvæmdastjórnar allir deildarstjórar Barnaverndar Reykjavíkur. Eru þar fjórir félagsráðgjafar, einn félagsfræðingur og svo rekstrarstjóri sem er viðskiptafræðingur.

Heildarkostnaður af rekstri árið 2023 var 3.718.906 kr. Fjárhagsramminn var 3.241.077 kr. og voru heildarfrávik í rekstri því 477.829 kr. eða um 14,7% yfir áætlun. Meginskýring frávíka í rekstri er kostnaður af vistun barna utan heimilis sem felst í greiðslum til fósturforeldra eða vistunaraðila og þá einkum til einkaúrræða sem tekið hafa að sér vistanir barna með fjölþættan vanda.

Haustið 2023 skilaði starfshópur stýrihóps um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda af sér skýrslu um fyrirkomulag þjónustu við þennan hóp. Kortlagning og greining á þjónustubörf er þar í fyrirrúmi, ásamt endurskoðun á fyrirkomulagi úrræða og þjónustu. Leiðarljós hópsins voru réttindi barna og aðgengi þeirra að fullnægjandi þjónustu ásamt kostnaðarskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga.

Þessi skýrsla er metnaðarfull og þar er kveðið á um fjórtán mikilvæg úrræði sem munu bæta verulega þjónustu við þennan hóp barna og fjölskyldur þeirra. Einnig er mikilvægt að geta þess að kostnaður sem fallið hefur á Reykjavík vegna vistunar þessara barna hefur verið verulegur síðustu ár og ein meginskýring þess að erfitt hefur verið að halda þann fjárhagsramma sem Barnavernd Reykjavíkur hefur yfir að ráða.




Innleiðing farsældarlaga er í fullum gangi hjá Barnavernd Reykjavíkur undir formerkjum Betri Borgar fyrir Börn. Meginmarkmið laganna er að ná sem fyrst utan um vanda barna með snemmtækri íhlutun, aðstoð komi inn eins fljótt og hægt er og þá er best að það gerist í nærumhverfi barnsins, á heilsugæslu, í skóla eða á viðkomandi hverfismiðstöð. Lagt er upp með öflugra samvinnu kerfa sem koma að börnum og fjölskyldum og hefur starfsfólk Barnaverndar Reykjavíkur lagt sig fram um að þessi innleiðsla takist vel og einungis þær fjölskyldur sem þurfi þriðja stigs úrræði séu til vinnslu hjá stofnuninni.

Frá vori 2018 hefur staðið yfir umfangsmikil vinna við breytingar í þágu farsældar barna sem meðal annars hefur falist í viðtækri heildarendurskoðun lagaumhverfis í barnavernd. Veturinn 2020–2021 lagði þáverandi félags- og barnamálaráðherra fram fimm frumvörp þessu tengd og voru þau öll samþykkt sem lög frá Alþingi í júní 2021. Um er að ræða lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, lög um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála og lög um Barna- og fjölskyldustofu, lög um breytingu á lögum um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og lög um breytingar á barnaverndarlögum. Allar þessar breytingar hafa áhrif á starfsemi Barnaverndar Reykjavíkur.

Upphaflega var stefnt að því að leggja fram frumvarp til nýrra barnaverndarlaga á sama tímabili en við undirbúning málsins varð ljóst að verkefnið reyndist of umfangsmikið til að unnt væri að ljúka því fyrir lok kjörtímabilsins. Haustið 2023 var farið af stað með vinnu í ráðuneytinu til að undirbúa heildarendurskoðun á barnaverndarlögum. Unnið var í þremur hópum og tóku þrír fulltrúar Barnaverndar Reykjavíkur þátt í þeim, framkvæmdastjóri, lögfræðingur og deildarstjóri fósturteymis.

Stefnt er að því að setning og endurskoðun á reglugerðum á grundvelli nýrra barnaverndarlaga verði lokið árið 2025 og innleiðing breytinga komin vel áleiðis árið 2027.



Hópur 1

Fjallaði um endurskoðun á úrræðum í barnavernd og yfirstjórnunarhlutverk ráðuneytisins.

Hópur 2

Fjallaði um Haag-samninginn, úrskurðanefnd velferðarmála ásamt málsmeðferð barnaverndarmála hjá stjórnvöldum og dómstólum.

Hópur 3

Fjallaði um beiting nauðungar í barnaverndarmálum, varanlegt fóstur, ákvarðanir um umgengni, markmið og meginreglur barnaverndarstarfs og aðkomu barns að málsmeðferð.



#2

Tölfræði ársins
2023




Tölfræði ársins 2023

Árið 2023 bárust 5.457 tilkynningar til Barnaverndar Reykjavíkur. Árið áður var heildarfjöldi tilkynninga 4.953. Þetta er um 10% aukning á milli ára, ólíkt því sem var á milli ára 2021 og 2022 þegar heildarfjöldi tilkynninga stóð í stað. Tilkynningar árið 2023 varða um 8% þeirra barna sem búa í Reykjavík.

Þessar 5.457 tilkynningar varða alls 2.355 börn, 1.251 drengi, 1.081 stúlkur og 23 ófædd börn. Í tilvikum 1.361 einstaklings var ákveðið að hefja könnun eða þá að vinnsla málefna þeirra var þegar í gangi. Í tilvikum 994 barna var ekki þörf á afskiptum á grundvelli barnaverndarlaga og málum þeirra því lokað með bréfi og bent á önnur úrræði.

HEILDARFJÖLDI



Tafla 1


Ár hvert skilar stofnunin af sér lykiltölum til Barna- og fjölskyldustofu auk þess að rýna tölfræði til þess að fylgjast með þróun í málaflokknum. Samkvæmt skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd sem Barna- og fjölskyldustofa gefur út er einkum horft til fjögurra flokka.

/ Vanræksla gagnvart barni
/ Barn beitir ofbeldi

/ Heilsa eða líf ófædds barns í húfi
/ Áhættuhegðun barns

Sé horft til þróunar síðustu ára samkvæmt þessum skilgreiningum þá má sjá að tilkynningar um vanrækslu standa hlutfallslega í stað og eru flestar þessara tilkynninga varðandi skort á eftirliti. Sama gildir um flokkinn áhættuhegðun barns, en þar eru flestar tilkynningar um að barnið stefni sjálfu sér í hættu. Frá árinu 2019 má greina aukningu er varðar tilkynningar um að barn beiti ofbeldi og milli ára 2022 til 2023 var í þeim flokki riflega 20% aukning. Þetta hafa forsvarsmenn Barnaverndar Reykjavíkur ítrekað bent á og lagt áherslu á að bæði þurfi aukið forvarnastarf fyrir þau börn sem ekki þrífast í því starfi sem þegar er í boði, gagnreynd úrræði þegar vandinn er til staðar og umfram allt samræmt áttak allra þeirra sem að koma.

ÁHÆTTUHEGÐUN BARNNA – FJÖLDI TILKYNNINGA




Tafla 2




Loks ber að nefna að hjá Barnavernd Reykjavíkur starfar fólk sem er sérhæft í því að takast á við það þegar tilkynningar berast um þungaðar konur sem stefna lífi eða heilsu ófæddis barns í hættu og ljóst er af reynslu síðustu ára að aukinn þungi er að færast í þann málaflokk.

FLOKKUN TILKYNNINGA 2023




Tafla 3





#3

Teymin

BRÁÐA- OG VIÐBRAGÐSTEYMI

Deildarstjóri: Sigurður Örn Magnússon
5 félagsráðgjafar og 1 ráðgjafi
Alls var 214 málum úthlutað í teymið árið 2023

Bráða- og viðbragðsteymi Barnaverndar var stofnað haustið 2019. Markmið teymisins er að vera fyrsti snertiflötur einstaklinga og kerfa við Barnavernd til að koma málum fljótt og örugglega í réttan farveg, hvort sem er hjá Barnavernd, öðrum kerfum borgarinnar eða í heilbrigðiskerfinu.

Frá stofnun teymisins hefur markvisst verið unnið í því að auka samstarf við lykilstofnanir innan Reykjavíkurborgar. Með tilkomu farsældarlaganna í byrjun árs 2022 hefur verið lögð enn ríkari áhersla á samstarf milli kerfa í umhverfi barnsins og í því sambandi ber að nefna mánaðarlega fundi Barnaverndar Reykjavíkur með öllum miðstöðvum Reykjavíkurborgar (Austurmiðstöð, Vesturmiðstöð, Norðurmiðstöð og Suðurmiðstöð). Tilgangur fundanna er að eiga samtal við samstarfsaðila vegna mála barna sem glíma við vanda og meta hvort að 3. stigs þjónustu sé þörf eða hvort að mál geti áfram verið unnin í nærumhverfi barnsins, á 1. eða 2. stigi.


Á árinu 2023 hófst einnig aukið samstarf við lögregluna með mánaðarlegum fundum við viss hverfi vegna aukinnar áhættuhegðunar ungmenna á ákveðnum svæðum. Stefnt er að því að komið verði á mánaðarlegum fundum milli lögreglu og Barna-

verndar í öllum hverfum Reykjavíkur á árinu 2024. Því er rík áhersla lögð á tengingu við nærumhverfið með það að markmiði að styðja fjölskyldur við að komast í viðeigandi úrræði í nærumhverfi sínu og að barn fái stuðning á 1. eða 2. þjónustustigi sé þess kostur. Einnig að meta í samráði við samstarfsaðila hvort að þörf sé á stuðningi í gegnum barnavernd ef málið er þess eðlis.

Eitt af hlutverkum teymisins er að rýna á hverjum degi allar nýjar tilkynningar sem berast Barnaverndar Reykjavíkur í þeim tilgangi að meta alvarleika þeirra og hvort bregðast þurfi við þegar í stað. Einnig sinnir teymið bráðavaktarmálum á dagvinnutíma en þar má nefna mál á borð við útköll vegna heimilisofbeldis, skýrslutökur við börn hjá lögreglu eða í Barnahúsi, taka við tilkynningum um ofbeldi, vanrækslu eða áhættuhegðun barna sem þarfnast skjótra viðbragða, svo eitthvað sé nefnt. Þá sinnir teymið kynferðisbrotamálum þar sem að grunur leikur á að barn hafi verið beitt kynferðisofbeldi eða áreiti. Starfsfólk teymisins er í reglulegu og góðu samstarfi við Barnahús og lögreglu í þeim málum. Einnig er starfsmaður í bráða- og viðbragðsteyminu á síma vakt alla virka daga þar sem að almenningur eða samstarfsaðilar geta haft samband og fengið ráðleggingar vegna einstakra mála á skrifstofutíma.

Á árinu 2023 var farið í alls 475 bráðamál. Meðfylgjandi mynd sýnir fjölda bráðamála yfir hvern mánuð. Að meðaltali var farið í rúmlega 39 mál í hverjum mánuði.

BRÁÐAMÁL 2023



Tafla 4



Meginhlutverk Fósturteymis er að halda utan um málefni barna sem lúta forsjá Barnaverndar Reykjavíkur. Börnin eru flest í varanlegu fóstri en sum í tímabundnu fóstri, styrktu fóstri eða búa í öðrum vistunarúrræðum á vegum Barnaverndar Reykjavíkur. Vistanir ungmenna á aldrinum 18-20 ára heyra einnig undir teymið en ungmennin vistast þá áfram á fósturheimilum sínum eða í öðrum úrræðum Barnaverndar eftir að þau hafa náð 18 ára aldri, með samþykki viðkomandi ungmennis.

Ráðgjafar fósturteymis heimsækja reglulega öll fósturbörn sem teymið sinnir. Börnin fá stuðning eftir þörfum og fylgst með að barni sé sinnt vel í fósttrinunni. Þá er fósturforeldrum jafnframt veitt handleiðsla og stuðningur í því vandasama hlutverki sem fylgir því að vera fósturforeldri. Teymið heldur einnig utan um samskipti og umgengni kynforeldra og ættingja við börn í fóstri. Í langflestum tilvikum fer umgengni fram í góðu samstarfi við barn, fósturforeldra, kynforeldrar og ættingja. Umgengni fer ýmist fram á heimili fósturbarna, heimili kynforeldra eða annarra ættingja, í húsnæði á vegum Barnaverndar Reykjavíkur og þá með stuðningi og undir eftirliti starfsmanna.

Umgengni getur einnig farið fram á þeim stað sem aðilar koma sér saman um, t.d. á leiksvæði, bókasafni eða í verslunarmiðstöð. Í 18% tilvika fer umgengni fram á grundvelli úrskurðar, en í rúmlega 80% tilvika fer umgengni fram á grundvelli samnings og/ eða fósturforeldrar sjá alfarið um umgengni í samráði við kynforeldra eða ættingja.

Svipaðar áskoranir blasa við fósturteyminu nú og undanfarin ár og lúta þær að skorti á úrræðum fyrir stálpuð börn og börn með fjölþættan hegðunar- og geðvanda. Vandí og umsjá fósturbarna getur verið krefjandi og áskoranir reynst of miklar fyrir fósturheimili til að takast á við og getur þá orðið fósturrof. Ráðgjafar fósturteymis sinna umfangsmiklu starfi í að styðja við fósturforeldra sem eru með börn með þunga umsjá í fóstri. Handleiðsla og persónulegur stuðningur býðst fósturforeldrum bæði innan og utan heimilis. Ráðgjafar reyna að koma til móts við fósturheimilin með hvíldardvöl fyrir börnin utan heimilis. Hér skortir verulega á úrræði og stofnanir sem geta tekið við börnum í þessari stöðu í bráðatilvikum og til að veita sérhæfða meðferð. Þá er brýnt að koma á úrræði fyrir börn á aldrinum 16-20 ára sem lenda í fósturrofi, eiga ekki nákominn að og geta ekki farið á annað fósturheimili. Slíkt úrræði væri til að styðja ungmennin til sjálfstæðrar búsetu með ráðgjöf, eftirliti og öryggi.

Ein helsta áskorun sem fósturteymið glímdi við árið 2023, var ákvörðun Þjóðskrár að breyta forsjáskráningum barna. Börn sem lúta forsjá barnaverndarþjónustu lentu þá í þeim vanda að geta ekki sótt um rafræn skilríki eða þjónustu sem fól í sér skráningu í gegnum island.is eða rafræna skráningu. Þessi vandi var ekki leystur í lok árs 2023 en kallaði á aðkomu opinberra stofnanna og tveggja ráðuneyta. Ekki virðist hafa verið litið til þessara barna sem hagsmunahóps við breytingar Þjóðskrár og undirbúningsvinnu Auðkennis við rafrænar skráningar. Ráðgjafar fósturteymis bentu ítrekað á stöðu fósturbarna og þann mikla vanda sem þarna skapaðist.

Í lok árs 2023 voru 156 börn sem lutu forsjá Barnaverndar Reykjavíkur, þar af var 141 barn í varanlegu fóstri, 4 börn í styrktu fóstri, 4 börn í tímabundnu fóstri og 7 börn vistuð í öðrum vistunarúrræðum. Ráðgjafar eru duglegir að sækja fræðslu sem tengist barnavernd, fósturbörnum og farsæld barna. Auk þess hefur teymið haft frumkvæði af samstarfsfundum við aðila sem tengjast málefnum fósturbarna.




**KÖNNUNAR- OG MEÐFERÐARTEYMI
YNGRI BARNA**

Deildarstjóri: Laufey Þorvaldsdóttir
6 félagsráðgjafar og 3 ráðgjafar
Alls var 216 málum úthlutað í teymið 2023


Meginhlutverk teymisins er að kanna og vinna að meðferð mála barna og fjölskyldna sem eru 0 til 13 ára auk mála þungaðra kvenna sem tilkynnt er um.

Feli niðurstaða könnunar í sér að ástæða sé til að aðstoða fjölskyldu frekar og koma í gang úrræðum henni til stuðnings er málið í framhaldi unnið á grundvelli áætlunar um meðferð máls. Mikið er lagt upp úr því að ná samvinnu við foreldra við vinnslu málsins en takist það ekki kann að koma til þess að beita þurfi þeim úrræðum sem barnavernd býr yfir samkvæmt barnaverndarlögum til að tryggja öryggi og aðbúnað barns, svo sem með því að vista barn utan heimilis eða koma á stuðningi og þjónustu við barn eða eftirlit með heimili.

Verkefni starfsmanna eru margvísleg en markmiðið er ætíð að efla foreldra í sínu hlutverki með því að veita stuðning og þjálfun í foreldrahlutverkinu. Lagt er upp með að greina vanda fjölskyldunnar og setja skýr markmið bæði til styttri og lengri tíma. Þessi markmið eru svo endurmetin reglulega. Sótt er um viðeigandi stuðning til handa börnum og foreldrum, bæði innan Barnaverndar Reykjavíkur og til samstarfsaðila. Einnig er lögð á það áhersla að starfmenn kappkosti að skoða nærumhverfi barnsins með von um að virkja stuðning þaðan og í einhverjum tilfellum eru ættingjar liður í áætlun um meðferð máls. Teymið fer út á vettvang að ræða við hluteigandi aðila, fer í vitjanir á heimili fjölskyldna, ræðir við börn og fundar með til dæmis skólum, meðferðaraðilum og öðrum stofnunum.

Teymið er í miklu og góðu samstarfi við ýmsa samstarfsaðila, stofnanir og sjálfstætt starfandi fagaðila til þess að tryggja stuðning eða meðferð sem foreldrar og börn eru metin í þörf fyrir. Mikil samvinna er við ýmsar deildir innan Landspítalans, SÁÁ, Hlaðgerðarkot, Krýsuvík, miðstöð í hverju hverfi fyrir sig, ýmis einkaúrræði, félagsráðgjafa, listmeðferðarfræðinga, sálfræðinga, geðlækna, áfalla- og fíkniráðgjafa, tengslasérfræðinga og svo mætti lengi telja. Í raun sækja fagaðilar teymisins í alla þá þjónustu og meðferð sem fjölskyldan er metin í þörf fyrir.

Síðustu ár hefur málum fjölgað þar sem foreldrar eru með alvarlega geðræna erfiðleika sem skerðir forsjárhæfni þeirra verulega. Þá hefur enn fremur fjölgað málum barna með flókinn tilfinninga- og hegðunarvanda. Slík mál eru flókin í meðferð þar sem foreldrar og börn eru í þörf fyrir langtíma stuðning og –meðferð.






**KÖNNUNAR- OG MEÐFERÐARTEYMI
ELDRI BARNA**

Deildarstjóri: Vilborg Grétarsdóttir
6 félagsráðgjafar
Alls var 85 málum úthlutað
í teymið 2023

Teymið sinnir málefnum unglinga frá 13 til 18 ára aldurs sem eiga við vanda að glíma og er með sérþekkingu í málefnum barna og unglinga.

Síðustu ár hefur eitt af hlutverkum þessa teymis verið að koma málefnum fatlaðra barna í samvinnu við þjónustumiðstöðvar í farveg og að þau börn fái þjónustu við hæfi í nærumhverfi þegar möguleiki er. Markmið síðasta árs var að stefna að því að við 17 ára aldur verði gerð yfirfærsluáætlun á málefnum þessara ungmenna á þjónustumiðstöðvum í samvinnu við barnavernd. Þetta verkefni er enn í vinnslu en hefur gengið vel og er nú markvisst unnið að því að finna stuðning við hæfi hvers og eins þannig að við 18 ára aldur skapist ekki tómarúm þar sem ekki er til staðar þjónusta í formi ráðgjafar eða stuðnings við þessa einstaklinga.

Einnig eru í teyminu til vinnslu mál barna á aldrinum 18–20 ára sem kjósa að dvelja áfram í úrræðum og vistun á vegum barnaverndar eftir 18 ára aldur.

Í teyminu er unnið markvisst að því að innleiða samþættingu um farsæld barna skv. lögum nr. 86/2021. Það er til að tryggja að barn fái samfelldan stuðning og að fagaðilar og aðrir sem koma að málefnum barns séu að vinna saman og tryggður sé stuðningur fyrir barn og fjölskyldu þeirra.

Deildarstjóri þessa teymis fundar reglulega með yfirmanni meðferðarsviðs á Barna- og fjölskyldustofu sem reka Stuðla, Lækjarbakka og Bjargey. Einnig hefur verið samvinna með yfirmanni Stuðla og neyðarvistun til að tryggja samvinnu og auka öryggi og velferð þeirra barna sem þar þurfa að dvelja vegna áhættuhegðunar.

Tilkynningar berast til Barnavernd Reykjavíkur vegna málefna barna á þessum aldri frá ólíkum aðilum og má þar nefna lögreglu, skóla, heilsugæslu, foreldra og ættingja, heilbrigðisstofnanir og félagsmiðstöðvar. Tilkynningar varða vanrækslu, ofbeldi og áhættuhegðun barna. Oft er um að ræða tilkynningar varðandi sama ungmenni aftur og aftur á meðan að það bíður eftir viðeigandi úrræði. Þetta er alvarlegt og eykur oft á vanda þessara ungmenna og á þeim og fjölskyldum þeirra bitnar skortur á viðeigandi úrræðum og langur biðtími.

Í þessum tilvikum er um að ræða einstaklinga með fjölþættan vanda sem mikið hefur verið rætt um á síðustu misserum og bregðast þarf við vanda þeirra sem allra fyrst. Skortur á úrræðum eins og ríkisreknum meðferðarheimilum og fósturheimilum sem geta tekið börn í styrkt fóstur hefur veruleg áhrif á faglega vinnslu í málefnum þessara barna. Til staðar eru einkarekin úrræði sem taka að sér að bjóða þessum ungmennum stuðnings- og búsetuúrræði og hefur Barnavernd Reykjavíkur verið í samstarfi við forsvarsmenn þessara úrræða til þess að mæta þessum skorti.

Framundan er að efla félagsráðgjafa sem málsvara sinna skjólstæðinga enn frekar, vinna samkvæmt farsældarlögunum og beita bestu mögulegu úrræðum sem standa til boða hverju sinni.




**KÖNNUNAR- OG MEÐFERÐARTEYMI
BARNA AF ERLENDUM UPPRUNA
OG HEIMILISOFBELDIS**

Deildarstjóri: Elísabet Gunnarsdóttir
5 félagsráðgjafar og 1 ráðgjafi
Alls var 214 málum úthlutað í teymið
árið 2023

Meginhlutverk teymisins er að vinna að þróun sérþekkingar í könnunar- og meðferðarmálum barna af erlendum uppruna en einnig heimilisofbeldismálum og málum þar sem grunur leikur á líkamlegu ofbeldi gagnvart börnum.

Þegar rýnt er í þau mál sem teymið vann að árið 2023 vörðudu rúmlega 86% málanna börn af erlendum uppruna og tæplega 14% börn af íslenskum uppruna. Flest málin voru tilkynnt til barnaverndar vegna gruns um vanrækslu eða 41% málanna. Rúmlega 27% málanna voru tilkynnt til Barnaverndar Reykjavíkur vegna gruns um líkamlegt ofbeldi gagnvart börnum og 22% vegna gruns um að barn hefði orðið vitni að heimilisofbeldi. Alls var málum fjögurra fylgdarlausra barna vísað í teymið árið 2023. Höfðu börnin komin til Íslands án þess að vera í umsjá fullorðins aðila sem var þeim tengdur.

Aukning hefur verið á málum sem hafa verið til vinnslu hjá teyminu. Til samanburðar var alls 195 málum úthlutað í teymið árið 2022 en árið 2023 voru þau 214. Um er að ræða 9% aukningu milli ára. Í Reykjavík hefur börnum af erlendum uppruna fjölgað

mikið á undanförunum árum, miðað við upplýsingar frá Hagstofu Íslands. Börn með erlent ríkisfang búsett í Reykjavík voru alls 2.280 árið 2020, sem nemur 8,5% allra barna í Reykjavík. Árið 2023 voru þau 3.945 eða 14%. Um er að ræða aukningu um 5,5% á einungis þremur árum. Alvarleiki málanna virðist einnig hafa aukist þar sem fleiri mál en áður hafa verið lögð fyrir Umdæmisráð Barnaverndar Reykjavíkur með tillögu um úrskurð um vistun barns utan heimilis gegn vilja foreldra og/eða að foreldri verði svipt forsjá barnsins.

Af þeim börnum sem voru af erlendum uppruna voru flest af rúmenskum uppruna eða alls 28 börn. Börn af pólskum uppruna voru alls 22 og börn af nígérískum uppruna 17. Málum alls 12 barna af víetnömskum uppruna var úthlutað í teymið árið 2023, málum alls 9 barna af filippseyskum uppruna, málum 9 barna af taílenskum uppruna og málum alls 8 barna af litáískum uppruna.

Athygli vekur að málum barna af rúmenskum uppruna til vinnslu hjá teyminu fjölgaði mikið árið 2023. Árið 2022 voru þau rúmlega 9 % af þeim málum sem var úthlutað í teymið en árið 2023 voru þau 13%. Málum barna af pólskum uppruna hefur þá fækkað. Áberandi aukning hefur orðið hvað varðar börn af nígérískum uppruna. Árið 2023 voru þau fimmtán en árið 2022 voru þau fjögur.

UPPRUNI BARNANNA sem komu til úthlutunar í KOMBE teyminu árið 2023

Upprunaland	Fjöldi mála	Hlutfallslegur fjöldi mála
Rúmenía	28	13,2%
Pólland	22	10,3%
Nígíría	17	8%
Víetnam	12	5,7%
Taíland	9	4,2%
Filippseyjar	9	4,2
Litáen	8	4,7%
Lettland	6	2,8%
32 önnur upprunalönd	72	34%

Tafla 5



#4

Fjölskyldu- og vistheimili
á vegum Barnaverndar
Reykjavíkur



MÁNABERG

/ Fjölskylduheimili 7 pláss, börn 0–13 ára og foreldrar
 / 51 einstaklingur dvöldu í Mánabergi 2023 í samtals 3505 nætur
 / Nýting 139%
 / Forstöðumaður, Hulda L. Blöndal Magnúsdóttir



Mánaberg er vistheimili fyrir börn sem eru vistuð með eða án foreldra sinna. Þannig er hlutverk Mánabergs tvíþætt, annars vegar er það neyðarheimili fyrir börn sem ekki geta dvalið heima til styttri tíma og hins vegar er um að ræða heimili þar sem fram fer leiðbeiningar- og greiningarvistun fyrir fjölskyldur í allt að sextán vikur með fyrirfram ákveðnum markmiðum samkvæmt meðferðaráætlun.

Í allri meðferðarvinnu á Mánabergi er lögð áhersla á stuðning, virðingu og því að ná góðu meðferðarsambandi við þá foreldra sem þar dvelja. Það er gert til þess að efla þá í hlutverki sínu. Árið 2023 voru 14 fjölskyldur í leiðbeiningar og greiningarvistun á Mánabergi.

Þegar Mánaberg var stofnað fyrir þremur áratugum var ekki gert ráð fyrir því að foreldrar dveldu þar með börnum sínum. Sú þróun sem hefur átt sér stað í barnaverndarstarfi síðustu ár með áherslu á að styrkja foreldra í hlutverki sínu, leita allra leiða til þess að halda fjölskyldum saman og að meðferðarvinna fari fram í nærumhverfi fjölskyldu er jákvæð en erfitt er að vinna samkvæmt þessu í núverandi húsnæði Mánabergs.

Starfsemin á Mánaberg er komin yfir þolmörk líkt og nýting úrræðisins ber með sér. Húsnæði Mánabergs er gamalt og var ekki byggt til þess að hýsa þá starfsemi sem þar fer fram. Því er brýnt að koma starfseminni í viðeigandi húsnæði og er það í farvegi. Ljóst er að bygging nýs húsnæðis tekur tíma og því þarf að koma Mánabergi í bráðabirgðahúsnæði sem hentar starfseminni betur næstu árin. Á tímabilinu verður hægt að þróa faglega starfsemi þessa mikilvæga úrræðis enn frekar.



KLETTURINN

/ Skammtímaþúseta ungmenna

/ Nýting 100%

/ Forstöðumaður, Sigurbjörg Kristjánsdóttir

/ Deildarstjóri, Viktoría Dröfn Ólafsdóttir

Kletturinn er skammtímaheimili fyrir ungmenni frá 13 ára aldri upp að 18 ára sem þurfa tímabundna vistun utan heimilis vegna sérstakra aðstæðna. Þetta heimili er rekið af Klettabæ ehf. samkvæmt þjónustusamningi. Þar er hægt að vista fimm ungmenni á hverjum tíma, en eitt plássið er neyðarpláss sem ekki er ætlast til að ungmenni nýti lengur en í viku. Mikilvægt er að ætíð sé til staðar slíkt pláss. Úrræðið er alltaf í fullri nýtingu og getur dvalartími ungmennis þar verið allt frá sólarhring upp í sex mánuði. Árið 2023 dvöldu alls 19 ungmenni í Klettinum, aldursdreifing þeirra var nokkuð jöfn.

Hlutverk Klettsins er að veita ungmendum umönnun, stuðning í daglegu lífi og búsetu. Heimilið er hlýlegt, friðsælt og þar þarf að fylgja grunnreglum varðandi þrif, frágang og fleira sem tengist athöfnum daglegs lífs. Á heimilinu er unnið út frá hugmyndafræði Klettabæjar um áfalla- og tengslamiðaða nálgun. Miðað er við að mæta hverjum og einum einstaklingi út frá þörfum viðkomandi og með því að bjóða upp á eins þroskavænlegt umhverfi og mögulegt er hverju sinni.

ÁSVALLAGATA

/ Fjölskylduheimili fyrir ungmenni

/ Nýting 100%

/ Forstöðumenn, Guðbrandur Stígur Ágústsson
og Brynhildur Arthúrsdóttir

Á **Ásvallagötu** í Reykjavík er rekið fjölskylduheimili fyrir fjögur börn á aldrinum 13 til 18 ára. Í stöku tilvikum dvelja ungmennin þar til 20 ára aldurs. Heimilið er rekið af hjónum sem búa á staðnum. Lagt er upp með að ungmenni séu í skóla eða vinnu. Forstöðuhjónin sinna stuðning við ungmennin eftir þörfum hvers og eins. Lagt er upp með að þau taki þátt í heimilishaldi eftir getu, læri að skipuleggja nám, vinnu og fjármál sín auk þess sem felur í sér athafnir daglegs lífs. Einnig er lagt upp með að þau ungmenni sem búa á Ásvallagötu hverju sinni tengist aðilum úr sinni fjölskyldu og verji tíma með þeim eins og hægt er. Markmiðið er að undirbúa þessi ungmenni til þess að þau geti upp úr 18 ára aldri hafið sjálfstæða búsetu og séu fullfær um að taka þátt í samfélaginu að lokinni dvöl á heimilinu.





#5

Stoðþjónusta




Lögfræðingar

*Teymisstjóri: Þyrí Steingrímsdóttur skrifstofustjóri.
Í teyminu starfa tveir lögfræðingar og einn deildarfulltrúi.*

Meginhlutverk lögfræðiteymis Barnaverndar Reykjavíkur er að veita ráðgjöf og aðhald á málavinnslu á grundvelli lögfræðilegrar nálgunar út frá meginreglum barnaverndarréttar og stjórnsýsluréttar. Ráðgjöf er veitt bæði til deildarstjóra og ráðgjafa mála en einnig til Framkvæmdastjórnar. Ráðgjöf lögfræðinga er fjölbreytt og styrkir það þverfaglega starf sem unnið er hjá Barnavernd Reykjavíkur.

Eitt af meginverkefnum lögfræðinga er að sitja meðferðarfundum og veita teyimum ráðgjöf við fyrirtöku mála þar og aðstoða við eftirfylgni og skjalagerð, auk þess að veita ráðgjöf til deildarstjóra og ráðgjafa í daglegri vinnslu mála. Þá veita lögfræðingar aðstoð vegna samskipta við lögmenn við vinnslu mála og sitja viðtöl með skjólstæðingum eftir þörfum.

Önnur verkefni lögfræðiteymis eru t.a.m. að sinna ráðgjöf á vikulegum úthlutunarfundum þar sem tekin er afstaða til nýrra tilkynninga, hafa umsjón með gerð verklagsreglna, skrifa minnisblöð um lögfræðileg álitæfni sem varða starfsemi Barnaverndar Reykjavíkur, taka afstöðu til beiðna um afléttingu nafnleyndar tilkynnenda og ákvarðana um hvort leynd skuli dvalarstað fósturbarna. Einnig er það verkefni teymisins að afgreiða beiðnir um fjárstyrk vegna lögmannaáðstoðar. Þá sinna lögfræðingar umsögnum um lagafrumvörp, eru í samskiptum við ráðuneyti vegna laga-breytinga á barnaverndarlögum og tengdum reglugerðum og taka þátt í innleiðingu farsældarlaga hjá Barnavernd Reykjavíkur.



Lögfræðiteymið fer með fyrirvar fyrir Barnavernd Reykjavíkur gagnvart Umdæmisráði Barnaverndar Reykjavíkur. Teymir sinnir yfirlestri og frágangi greinargerða til ráðsins og tekur saman gögn málsins. Lögfræðingur situr alla fundi nefndarinnar ásamt ráðgjöfum. Þá sinna lögfræðingar eftirfylgni með úrskurðum innan Barnaverndar Reykjavíkur eftir þörfum. Fari úrskurðir áfram til dóms sinnir lögfræðiteymið samskiptum við Borgarlögmann við rekstur málsins, sem fer með fyrirvar fyrir Barnavernd Reykjavíkur hjá dómstólum. Lögfræðiteymið sinnir jafnframt skriflegu fyrirvari vegna mála sem kærð eru til Úrskurðarnefndar velferðarmála og veitir umsagnir vegna mála þegar kvörtunum er beint til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála.



Umdæmisráð, dómstólar og úrskurðarnefnd velferðarmála

Árið 2023 var fyrsta starfsár Umdæmisráðs Barnaverndar Reykjavíkur (UBR), sem tók við af Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Á árinu 2023 kvað UBR upp 51 úrskurð, sem er sami fjöldi úrskurða og kveðinn var upp af Barnaverndarnefnd Reykjavíkur á árinu 2022.

Samtals voru tekin fyrir 59 mál hjá ráðinu, en í átta þeirra náðist samkomulag. Úrskurðað var um sömu börn oftast en einu sinni í nokkrum tilvikum og því vörðuðu málín hjá UBR samtals 48 börn.

Flestir úrskurðir vörðuðu vistun utan heimilis eða 39 (28 á síðasta ári). Þar af voru úrskurðir um heimild til að krefjast forsjárviptingar fyrir dómi auk vistunar 11, en einn úrskurður til viðbótar var eingöngu um að krefjast forsjárviptingar eða samtals 12 úrskurðir, en voru átta árið 2022. Úrskurðir um umgengni barna við upprunafjölskyldu sína voru 10, en voru 16 á síðasta ári. Tveimur málum var vísað frá Umdæmisráði árið 2023 með úrskurði.

Alls var 26 málum lokið á árinu 2023 í Héraðsdómi Reykjavíkur. Alls voru kveðnir upp átta (8) úrskurðir um vistun barna utan heimilis og auk þess þrír (3) í Landsrétti. Engu máli var áfrýjað til Hæstaréttar. Í sjö (6) málum var niðurstaða UBR staðfest en í einu (2) máli var úrskurði snúið við og kröfum Barnaverndar Reykjavíkur hafnað. Premur málum til viðbótar lauk með dómsátt eða foreldrar samþykktu kröfur málsins fyrir dómi. Samtals voru 15 mál voru felld niður eða sameinuð öðrum málum. Tölur innan sviga eru frá 2022.

Kveðnir voru upp sjö dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur árið 2023 um sviptingu forsjár, sem vörðuðu málefni ellefu barna. Tveir dómur voru kveðnir upp í Landsrétti um forsjárviptingu, sem vörðuðu fimm börn.

Sex umgengnisúrskurðir Umdæmisráðs voru kærðir til Úrskurðarnefndar Velferðarmála og voru úrskurðir ráðsins staðfestir í öllum tilvikum. Þá kvað nefndin upp úrskurði í tveimur málum er vörðuðu lokun máls hjá Barnavernd Reykjavíkur, í öðru var lokun staðfest en í hinu var lokun felld úr gildi og lagt fyrir Barnavernd að taka málið til meðferðar.

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála

Í byrjun árs 2022 tók til starfa Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála sem sinnir eftirlitshlutverki með þjónustu sem veitt er á grundvelli barnaverndarlaga, auk annarra laga innan velferðarþjónustu.

Árið 2023 bárust Barnavernd Reykjavíkur niðurstöður úr átta (7) kvörtunarmálum frá Gæða og eftirlitsstofnun velferðarmála. Tvö (2) mál voru með engar athugasemdir vegna málsmeðferðar. Eitt (3) mál var með niðurstöðu um misbresti við málavinnslu, en ekki ámælisverða háttsemi og fimm (2) mál með niðurstöðu um ámælisverða háttsemi vegna málsmeðferðar hjá Barnavernd Reykjavíkur. Tölur innan sviga eru frá 2022.





Niðurstöður Gæða- og eftirlitsstofnunar um ámælisverða háttsemi Barnaverndar Reykjavíkur sneru í þremur tilvikum að málsmeðferð varðandi umgengni barna í fóstri, í einu tilviki fjallaði málið um málsmeðferð sem fór fram árið 2013, í einu tilviki hafði ekki verið tekin afstaða til þess að skipa barninu talsmann og í einu máli var talið að skort hafi á fullnægjandi lagaheimildir þegar barn var tekið úr umráðum umgengnisforeldris.

Þegar Barnavernd Reykjavíkur berast niðurstöður um ámælisverða háttsemi frá Gæða- og eftirlitsstofnun eru málin sett í farveg á vegum lögfræðiteymis. Fundað er með yfirmönnum og þeim ráðgjöfum eða teyllum sem komu að málinu eða vinna að sambærilegum málum. Farið er yfir aðdraganda, aðstæður og niðurstöður í málinu og metið hvort þörf sé á að breyta verklagi hjá stofnuninni. Niðurstöður um ámælisverða háttsemi eru ávallt kynntar Velferðarráði.

Afhending gagna

Eins og áður er lýst þá sinnir lögfræðiteymið samantekt gagna vegna fyrirtöku mála hjá Umdæmisráði og jafnframt sér teymið Borgarlögmanni fyrir gögnum mála sem rekin eru fyrir dómstólum. Hlutverk lögfræðiteymisins er jafnframt að afhenda gögn til allra þeirra sem þess óska, en meta þarf hverju sinni hvort lagaheimild er til afhendingarinnar.

Á árinu 2023 bárust Barnavernd Reykjavíkur 232 beiðnir um afhendingu gagna, en árið 2022 voru beiðnirnar 165. Í langflestum tilvikum er um að ræða einstaklinga sem eru að biðja um gögn um sjálfa sig í málum sem var lokað þegar þeir náðu 18 ára aldri. Einnig biðja foreldrar eða lögmenn þeirra um gögn mála sinna og barna

sinna se
ræða og





Sálfræðingar

Hjá Barnavernd Reykjavíkur starfa tveir sálfræðingar í fullu starfi. Þeir gegna veigamiklu hlutverki í þverfaglegri teymisvinnu barnaverndarmála og taka þátt í ákvarðanatöku varðandi framvindu mála. Þeir skipta þátttöku milli sín og sitja alla meðferðarfundi. Einnig sinna þeir ráðgjöf varðandi þau úrræði sem forsjáraðilar og börn fá til þess að tryggja bestu gæði hverju sinni. Er það gert með því að meta fyrirbyggjandi upplýsingar hverju sinni og með því að hitta viðkomandi og nýta mats-tæki sálfræðinga í viðtölum við viðkomandi. Mikið er lagt upp úr því að valin séu gagnreynd og rannsökuð úrræði til þess að auka líkur á því að viðkomandi fái bestu mögulegu aðstoð. Einnig sinna sálfræðingar handleiðslu við fósturforeldra sem er veigamikill þáttur í þjónustu við þann hóp.

Barnavernd Reykjavíkur tekur þátt í verkefninu Saman gegn ofbeldi. Þetta verkefni hefur verið starfrækt hjá borginni frá árinu 2014. Þá var samþykkt í Borgarstjórn að fara í átak gegn heimilisofbeldi í samstarfi við Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, Kvennaathvarfið og Heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu. Samstarfið á að tryggja öryggi borgarbúa á heimilum sínum, veita þolendum og gerendum betri þjónustu og bæta stöðu barna sem búa við heimilisofbeldi. Þegar kallað er eftir aðstoð lögreglu á heimili vegna ofbeldis fara félagsráðgjafi á miðstöð á heimilið ásamt lögreglu, ef barn er á heimilinu þá er barnaverndin einnig kölluð til. Börnum þessum stendur svo til boða að koma í eitt til þrjú viðtöl hjá sálfræðingi Barnaverndar til þess að vinna úr atvikinu. Sálfræðingur metur svo ásamt deildarstjóra hvort þörf sé á áframhaldandi vinnslu í málinu eftir því hvernig málin þróast. Árið 2023 voru um það bil 500 útköll vegna heimilisofbeldis í borginni.

Samráðsteymi með Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Barna- og unglingageð-deild eru samráðsvettvangur sem sálfræðingar okkar taka einnig þátt í. Þessi teymi

eru 10 og fundar hvert þeirra mánaðarlega. Þar eru mál rædd heildstætt og lagt upp með að forgangsraða þeim málum sem þurfa þjónustu frá BUGL að mati þeirra fagaðila sem að þeim koma.

Forsjárhæfnimöt krefjast þess að þverfaglegri nálgun sé beitt við úrvinnslu þeirra. Sálfræðingar eru þar lykilaðilar ásamt þeim ráðgjöfum sem að málinu koma. Mikilvægt er að rýnt sé í hverjir styrkleikar foreldrar séu, markvisst sé skoðað hvort mögulegt sé að bæta úr varðandi þjónustu við viðkomandi fjölskyldu eða hvort þörf sé á að endurskoða þau markmið sem sett hafa verið í málavinnslu.

PMTO meðferðaraðilar

Hjá Barnavernd Reykjavíkur starfa tveir PMTO meðferðaraðilar. PMTO stendur fyrir Parent Management Training – Oregon aðferð, og er aðferð fyrir foreldra og aðra sem koma að uppeldi til þess að styrkja sig í uppeldishlutverkinu. PMTO hentar foreldrum barna á leik- og grunnskólaaldri, einkum barn frá 3 til 12 ára aldurs. Áhersla er lögð á styðjandi aðferðir í uppeldi, samveru barna og foreldra og þeir sem þátt taka fái tækifæri til að tileinka sér nýjar leiðir í uppeldi. Foreldrum er meðal annars kennt að nota kerfisbundna hvatningu, að setja mörk, að nýta markvisst eftirlit, að leysa ágreining og að eiga jákvæða samveru með börnum sínum. Jafnframt er lögð áhersla á skýr fyrirmæli, tilfinningastjórnun, samskiptatækni og tengsl heimila og skóla.

Meðferðin er unnin á heimili viðkomandi og um það bil sex fjölskyldur fá þjónustu á hverjum tíma. Hver meðferð tekur um það bil fjögurra mánuði, fundað er vikulega og lagt upp með að fjölskyldan vinni heimaverkefni á milli funda.



Eftirlit

Við eftirlit hjá Barnavernd Reykjavíkur starfa fjórir starfsmenn á vöktum alla daga vikunnar. Eftirlit er með heimilum fjölskyldna samkvæmt meðferðaráætlun, viðkomandi samþykkir þá að taka á móti eftirliti sér til stuðnings á ákveðnu tímabili. Einnig sinnir þetta starfsfólk eftirliti með umgengni barna og ungmenna við sínar fjölskyldur sé þess þörf. Starfsfólk eftirlits fer einnig í ákveðnum tilvikum með bakvaktarstarfsmanni eða bráðavakt í vitjanir og sitja einnig skýrslutökur þegar lögregla kallar eftir því. Umfang þessa starfs er töluvert og er það mikilvægur liður í starfsemi Barnaverndar Reykjavíkur.

Deildarfulltrúar

Hjá Barnavernd Reykjavíkur starfa fjórir starfsmenn sem gegna hlutverki deildarfulltrúa og heyra þeir undir teymi fjármála og reksturs. Þeir sinna afgreiðslu, móttöku tilkynninga og aðsendra erinda, sjá um ýmis verkefni tengd bókhaldi og mörgum fleiri verkefnum sem öll miða að því að styðja við þá mikilvægu þjónustu sem fram fer á degi hverjum.



